

Vegagerðin - Reykjavík
Rögnvaldur Gunnarsson
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2013

Tilvísun: 201211058 / 5.2

Efni: Efnistaka vegna endurbyggingar varnargarða og brúar á Múlakvísl. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um efnistöku vegna endurbyggingar varnargarða og brúar á Múlakvísl, Mýrdalshreppi.

Vegagerðin - Reykjavík sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 18. desember 2012 ásamt tillögu að matsáætlun:

Vegagerðin. Efnistaka vegna endurbyggingar varnargarða og brúar á Múlakvísl. Desember 2012.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Mýrdalshreppi, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Mýrdalshreppi með bréfi dags. 28. janúar 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 22. janúar 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. janúar 2013 og Veðurstofu Íslands dags. 15. janúar 2013. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 29. janúar 2013.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu frá Vegagerðinni að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Vegagerðin setti fram í tölvupósti dags. 29. janúar 2013 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði

Skipulagsstofnun bendir á að þó svo að efnistaka í farvegi Múlakvíslar geri það að verkum að umræddar framkvæmdir falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum þurfi engu að síður að gera grein fyrir umhverfisáhrifum varnargarðanna sem eru ástæða efnistökkunnar. Á þetta er bent þar sem Skipulagsstofnun telur brýnt að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum varnargarðanna við Múlakvísl og aðflutningsleiðum fyrir efni í grjótvörn í varnargarðana.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.2 á bls. 6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulagsáætlanir. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi framkvæmdanna við gildandi skipulagsáætlanir og nauðsynlegar breytingar á þeim.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.1 á bls. 7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdaþætti sem valda áhrifum. Fram kemur að ekki verði lagt mat á gróður, fuglalíf, landdýr, fiska, fornleifar og útivist. Skipulagsstofnun er sammála Vegagerðinni um þessar áherslur og telur ekki tilefni til að meta áhrif framkvæmdanna á ofangreinda umhverfisþætti.

Í kafla 4.1 á bls. 7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdanna. Fram kemur að stuðst verði við ljósmyndir til að meta sjónræn áhrif efnistökkunnar. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að sýna á mynd/um í frummatsskýrslu hvaða sjónrænu breytingar verði á efnistökusvæðunum í farvegi Múlakvíslar. Jafnframt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að sýna á mynd/um í frummatsskýrslu hvernig varnargarðarnir koma til með að líta út að loknum framkvæmdum og hversu áberandi þeir verði.

Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram hvaða leið verður farin með efni í grjótvörn í varnargarða við Múlakvísl, þ.e. frá þjóðvegi að garðstæði. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gera grein fyrir flutningsleiðum í frummatsskýrslu og ef fyrirhugað sé að leggja vegslóða vegna flutninganna þarf að gera grein fyrir honum á uppdrætti, efnisþörf og efnistöku vegna hans ásamt frágangi hans í verklok.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit send í tölvupósti: Mýrdalshreppur, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands.